

Fimmtudaginn 1. júlí 1971.

Nr. 86/1971. **Veiðifélag Mývatns f. h. eigenda og umráðamanna jarða, er lönd eiga að Mývatni, Ragnar Steinbergsson f. h. eigenda og umráðamanna tiltekinna jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga lönd að Mývatni, Hreppsnefnd Skútustaðahrepps og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 gegn
Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, Birni Friðfinnssyni bæjarstjóra og Friðriki Magnússyni hæstaréttarlögmanni.

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds og Benedikt Sigurjónsson og Bjarni K. Bjarnason borgardómari, prófessor Gaukur Jörundsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Kvaðning samdómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Skaptason sýslumaður og samdómendurnir Björn Friðfinnsson bæjarstjóri og Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 8. júní 1971 hafa sóknaraðiljar samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið til Hæstaréttar úrskurði aukadómþings Þingeyjarsýslu, sem kveðinn var upp 4. júní 1971, þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að dómendur vikju sæti í máli milli sóknaraðilja. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 28. júní 1971.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og breytt á þann veg, að dómendum verði gert að víkja úr dómarasæti í framangreindu máli.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, er hinn reglulegi héraðsdómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, oddviti sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Sýslusjóður Suður-Þingeyjarsýslu er hluthafi í Kísiliðjunni h/f, en iðnaðarráðuneytið

hefur heimilað því fyrirtæki töku efna úr botni Mývatns. Framangreint mál milli sóknaraðilja fjallar m. a. um eignarrétt að botnefnum þessum. Ljóst er, að atvinnurekstur Kísil-iðjunnar h/f hefur verulega fjárhagsþýðingu fyrir sýsluna. Þegar þess er gætt, bar hinum reglulega héraðsdómara að víkja úr dómarsæti í málinu, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Að svo vöxnu máli er kvaðning hans á samdómendum ógild.

Dómsorð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Jóhann Skaptason, víkur sæti í máli þessu.

Kvaðning samdómendanna Björns Friðfinnssonar og Friðriks Magnússonar er ógild.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 4. júní 1971.

Ár 1971, föstudaginn 4. júní, klukkan 1400, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni í Húsa-vík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, og með dómsmönnum Birni Friðfinnssyni og Friðriki Magnússyni lögfræðingum, kveðinn upp úrskurður um það, hvort dómendur í málinu nr. 21/1969: Veiðifélag Mývatns í umboði eigenda og umráðamanna jarða, er land eiga að Mývatni, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gagnsök og meðalgöngusökum skulu víkja sæti samkvæmt fram kominni kröfu allra málflytjendanna.

Málflytjendur hafa lýst því yfir í viðtali við forseta dómsins, að þeir óski ekki eftir sérstökum málflutningi um kröfuna um, að dómarnir víki sæti.

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 25. ágúst 1969, af Veiðifélagi Mývatns í umboði eigenda og umráðamanna jarða, er lönd eiga að Mývatni. Málið er þá höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að botn Mývatns sé hluti af landareign þeirra jarða, er lönd eiga að Mývatni, og að engu eign stefnda. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og með stefnu, útgefinni 18. október 1969, gagnstefnir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs stefnanda í aðalsök og auk þess nafngreindum eigendum og umráðamönnum 21 jarðar í Skútustaðahreppi, sem ekki

eiga land að Mývatni, og oddvita hreppsins f. h. hreppsfélagsins til réttargæzlu. Í gagnsök eru gerðar þær dómkröfur af hálfu gagnstefnanda, að ríkissjóði verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða, og fylgir í kröfu þessari óskoraður eignarréttur að öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í og undir vatnsbotninum. Jafnframt er þess krafizt, að frumstefnandi verði dæmdur til þess að greiða gagnstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Stefndi í gagnsök krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Með stefnu, útgefinni 14. október 1970, meðalgöngustefnir hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins öllum málsaðiljum í gagnsök og gerir þær dómkröfur, að þeim verði gert að þola meðalgöngu Skútustaðahrepps í málinu og að hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins verði dæmt sakar efnið, þ. e. eignarréttur að botni Mývatns utan netlaga einstakra jarða, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum námum og hvers kyns verðmætum á, í eða undir vatnsbotninum. Þá krefst meðalgöngustefnandi málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefndu.

Með stefnu, dagsettri 28. janúar 1971, höfða eigendur og/eða umráðamenn 21 jarðar í Skútustaðahreppi, sem ekki eiga land að Mývatni (eða þeir sömu, sem stefnt var í gagnsök ásamt Veidifélagi Mývatns og Skútustaðahreppi til réttargæzlu) meðalgöngusök á hendur öðrum aðiljum í máli þessu og sem áður hafa verið upp taldir. Þeir gera þær dómkröfur á hendur meðalgöngustefndu, að þeim verði gert að þola meðalgöngu sína. Í öðru lagi krefjast þeir þess, að viðurkennt verði með dómi, að Mývatn utan netlaga sé byggðaralmenningur og hvers konar gæði á, í eða undir vatnsborði utan netlaga einstakra jarða skuli vera eign sveitarfélagsins og þar með um leið eign meðalgöngustefnenda.

Í þriðja lagi krefjast þessir meðalgöngustefnendur, að viðurkenndur verði með dómi veiðiréttur í Mývatni utan netlaga fyrir allar þær jarðir í Mývatnssveit, sem ekki eiga land að Mývatni, en hafa frá fornu fari átt veiðirétt í vatninu og stundað þar veiði.

Loks krefjast meðalgöngustefnendur málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefndu.

Greinargerðir í meðalgöngusökum liggja ekki enn fyrir í málinu.

Í þinghaldi hinn 18. maí 1971 báru lögmenn aðilja í máli þessu

bæði í aðalsök, gagnsök og meðalgöngusökum fram kröfu um, að allir dómendur á aukadómþinginu vikju sæti úr dómnum. Krafan er fram sett á dómsskjali nr. 117, sem er svohljóðandi:

„Við undirritaðir lögmenn í máli eigenda og ábúenda við Mývatn gegn ríkissjóði og eigendum nokkurra jarða í grennd við Mývatn svo og Skútustaðahreppi, en síðast nefndu aðiljarnir tveir hafa höfðað meðalgöngumál á hendur upphaflegum málsaðiljum, þ. e. Páll S. Pálsson, hrl., vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, Sigurður Ólason, hrl., vegna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Ragnar Steinbergsson, hrl., vegna eigenda nokkurra jarða í grennd við Mývatn, og Guðmundur Skaftason, hrl., vegna Skútustaðahrepps, höfum komið að þeirri niðurstöðu, að mjög sé viðsjárvert vegna framgangs þessa mikilvæga máls, að dómurinn sé svo skipaður sem hann er nú.

Eigi er það svo, að við vefngjum hæfni hinna þriggja dómara, en okkur þykir, að þeir séu um of viðriðnir málefni málsaðilja, til þess að unnt sé að treysta því, að Hæstiréttur líti svo á, að dómararnir séu algerlega hlutlausir.

1. Formaður dómsins, Jóhann Skaptason, er oddviti sýslunefndar S.-Þingeyjarsýslu. Sýslunefnd var gert bréflega aðvart til þess að gæta réttar sýslunnar í máli þessu. Eigi var mætt af hálfu sýslunnar á dómþingi, er málið var tekið fyrir, en sýslumaðurinn mætti þar sem forseti dómsins. Þá mun komið hafa fram í dagblöðum á s.l. ári í sambandi við aðalfund Kísilgúrverksmiðjunnar h.f., að þar var mættur sem fulltrúi sýslunnar Jóhann Skaptason, sýslumaður. Vegna þess að ríkissjóður hefur leigt Kísilgúrverksmiðjunni h.f. afnot Mývatnsbotns í skjóli þess, að ríkissjóður sé eigandi botnsins, en það er einmitt deilt í máli þessu um þann eignarrétt, má segja, að sýslan hafi hagsmuna að gæta af því sem og aðrir hluthafar í Kísilgúrverksmiðjunni h.f., að þessi leigusamningur haldi.
2. Björn Friðfinnsson er bæjarstjóri Húsavíkurkaupstaðar, og Húsavík á hlut í Kísilgúrverksmiðjunni h.f., en hann mætti þar á síðasta fundi sem fulltrúi kaupstaðarins, og gildir því um hann það sama og sagt var hér að ofan um oddvita sýslunefndar.
3. Friðrik Magnússon, hrl., er lögmaður Laxárvirkjunar í harðvítugu máli, er nú stendur yfir á milli þeirrar stofnunar annars vegar og bænda við Mývatn og við Laxá hins vegar. Þannig telja bændur við Mývatn, að vafi geti á því leikið,

hvort lítið yrði svo á af Hæstarétti, að hann geti verið alveg hlutlaus sem dómari í máli, er varðar eignarrétt þeirra manna, er hann berst gegn í Laxárvirkjunarmálinu, að botni Mývatns, er einnig blandast inn í það mál, og þá verður eigi heldur hjá því komizt að viðurkenna, að ríkið á hlut í Laxárvirkjun og þess vegna verði lögfræðingur í Laxárvirkjunarmálinu, eins og nú standa sakir, varla talinn hlutlaus dómari í málinu vegna botns Mývatns.

Við lögmenn óskum eftir því, að hið allra fyrsta verði til tekinn þingdagur og fyrirtökutími í ofangreindu máli á þingstað Skútustaðahrepps að Skjólbrekku og verði þar tekin til úrskurðar krafa okkar um, að dómarnir víki sæti“.

Í upphafi kröfu sinnar segja málflytjendur: „Eigi er það svo, að við vefengjum hæfni hinna þriggja dómara, en okkur þykir, að þeir séu um of viðriðnir málefni málsaðilja, til þess að unnt sé að treysta því, að Hæstiréttur líti svo á, að dómarnir séu algerlega hlutlausir“.

Síðan er vikið að þeim einstöku atriðum, sem krafan er reist á.

Málflytjendurnir telja, að formaður dómsins, Jóhann Skaptason, eigi að víkja sæti vegna þess, að honum hafi verið af málflutningsmanni ríkissjóðs gert bréflega aðvart til þess að gæta réttar sýslunnar (Suður-Þingeyjarsýslu) í máli þessu.

Sýslan hefur ekkert skipt sér af máli þessu og ekki talið sig hafa þar hagsmuna að gæta.

Þá er bent á það, að Þingeyjarsýslur séu hluthafar í Kísiliðjunni h/f og að dómsformaðurinn hafi setið aðalfund félagsins sem fulltrúi sýslanna. Sýslurnar hafi hag af því, að sá samningur sé gildur, sem ríkissjóður hafi gert við Kísiliðjuna h/f um rétt til kísilgúrtöku á botni Mývatns, en í máli þessu sé deilt um eignarrétt að botninum.

Hlutfé Kísiliðjunnar h/f er samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra félagsins 380 milljónir króna. Þar af eiga Þingeyjarsýslur samtals kr. 450.000.00, eða 0.1184%.

Stjórn félagsins er kosin af Alþingi og erlendu eigendunum. Fulltrúi sýslanna situr því aðalfund Kísiliðjunnar h/f raunverulega aðeins sem áheyrnarfulltrúi til að kynnast starfsemi félags, sem veitir mikla atvinnu í héraðinu og hefur nokkra þýðingu í þjóðfélaginu.

Dómurinn telur, að rekstur Kísiliðjunnar h/f sé það óháður sýslufélagunum, að dómsformaðurinn, Jóhann Skaptason sýslumaður, þurfi ekki að víkja sæti vegna hinnar lítilfjörlegu þátt-

töku sýsnanna í félaginu, enda er Kísiliðjan h/f ekki aðili máls þessa.

Þá telja málflytjendur, að dómariinn Björn Friðfinnsson, sem er bæjarstjóri í Húsavík, eigi að víkja sæti vegna hlutafjäreignar Húsavíkurkaupstaðar í Kísiliðjunni h/f.

Húsavíkurbær á kr. 500.000.00 hlutafé í Kísiliðjunni h/f, eða 0.132% hlutafjárins.

Um þetta atriði gildir því allt hið sama, sem tekið var fram varðandi hlutafjäreign sýsnanna.

Dómurinn telur því, að dómariinn Björn Friðfinnsson bæjarstjóri eigi ekki að víkja sæti vegna hlutafjäreignar Húsavíkurkaupstaðar í Kísiliðjunni h/f.

Málflytjendur benda á, að dómariinn Friðrik Magnússon lögfræðingur sé lögmaður Laxárvirkjunar í harðvítugu máli, er nú standi yfir á milli þeirrar stofnunar annars vegar og bænda við Mývatn og við Laxá hins vegar. Telji bændur við Mývatn, að vafi geti á því leikið, að hann geti verið alveg hlutlaus sem dómari í máli, sem varðar eignarrétt þeirra manna að botni Mývatns, er hann berjist gegn í Laxárvirkjunarmálinu.

Þá er á það bent, að ríkið eigi hlut í Laxárvirkjun og þess vegna verði lögfræðingur í Laxárvirkjunarmálinu, eins og nú standi sakir, varla talinn hlutlaus dómari í máli um botn Mývatns.

Hér er um að ræða mann, sem um áratugi hefur stundað málflutningsstörf. Það er álit dómsins, að hann sé ekki í þeim tengslum eða aðstöðu gagnvart málsaðiljum, að álíta meg, að hætt sé við, að hann geti ekki verið hlutlaus sem dómari í máli, er varðar eignarrétt að botni Mývatns.

Ekki verður séð, að deilan um Laxárvirkjun varði eignarrétt að botni Mývatns eða blandist inn í það mál. Eignaraðild ríkissjóðs að 35% í Laxárvirkjun, sem er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn, virðist ekki valda því, að þessi meðdómandi skuli víkja sæti í málinu.

Dóminum virðist því, að ekki sé tilefni til, að Friðrik Magnússon víki sæti í þessu máli vegna afstöðu sinnar gagnvart aðiljum máls þessa og Laxárvirkjun.

Samkvæmt framanskráðu er það álit dómsins, að engum dómenda beri að víkja sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:

Dómendur víkja ekki sæti í máli þessu.